

12. fundur velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni þriðjudaginn 2. mars 2010 og hófst kl. 17:00. Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Jónína Þrastardóttir, Eyvindur Bjarnason, Ingibjörg Garðarsdóttir og María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri. Unnur Kjartansdóttir boðaði forföll.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Félagsþjónustumál

3 mál færð í trúnaðarmálabók.

2. Barnaverndarmál

1 mál fært í trúnaðarmálabók.

3. Bréf frá Jafnréttisstofu lagt fram til kynningar. Jafnréttisstofa hefur gert handbók um kynjasambættingu, en samkvæmt jafnréttislögum nr. 10/2008 er öllum opinberum stofnunum og fyrirtækjum skylt að vinna að jafnrétti kynjanna hér á landi með því að beita kynjasambættingu. Hugtakið kynjasambætting er skilgreint sem leið til að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvaðranir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu. Mun Jafnréttisstofa bjóða upp á námskeið um kynjasambættingu. Félagsmálastjóra er falið að sækja slíkt námskeið og að kynna kynjasambættingu fyrir þeim sem koma að stefnumótun í sveitarfélaginu.

4. Félagsmálastjóri lagði fram eftirfarandi upplýsingar um atvinnuleysi í Hveragerði og fjölda einstaklinga á fjárhagsaðstoð:

Skráðir atvinnulausir í Hveragerði í febrúar skv. tölum frá Vinnumálastofnun Suðurlands: Alls eru 137 einstaklingar í atvinnuleit, 91 karlar og 46 konur. Ungir atvinnulausir, á aldrinum 16-24 ára eru alls 26 og eru þar meðtalin ungmenni sem eru á starfsþjálfunarsamningi. Hveragerðisbær er með 3 ungmenni í starfsþjálfun.

Á fjárhagsaðstoð í febrúar 2010 voru alls 17 einstaklingar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 17:40.

Unnur Þormóðsdóttir (sign)

Eyvindur Bjarnason (sign)

María Kristjánsdóttir (sign)

Jónína Þrastardóttir (sign)

Ingibjörg Garðarsdóttir (sign)

